

# KJARVAL

**2 FYRIR 1** Móa kjúklingur 1.249 KR. KG

**25% afsláttur** Goða grísakótilettur Karabian 1.249 KR. KG

**25% afsláttur** Goða grísahnakki Piri Piri beinl. 1.249 KR. KG

**25% afsláttur** Goða lambaframp grillisagaður 498 KR. KG

**30% afsláttur** Móa kjúklinglæri m. dijon/hvítlauk 798 KR. KG

**30% afsláttur** Goða Grísaofnsteik 998 KR. KG

**2 borgarar 2 braud ostur sósa beikon** Luxus hamborgarar 449 KR. PKL

**ISPINNAR** Kjöfis íspinnar 5 teg. 298 KR. PKL

**NYTT** Pepsi Max Lime 2 Lítrar 79 KR. STL.

**2 FYRIR 1** Líf smjörlíki 998 KR. PKL

**2 FYRIR 1** Myllu fínt samlokubraud 1/2 449 KR. PKL

**279 KR. KG** Plómur

**199 KR. PKL** Haribo sælgæti 3 teg.

**189 KR. PKL** Knorr bollasúpur

**198 KR. KG** Mangó

**199 KR. STL.** Hunts BBQ sósur

**- Sumartilboð Kjarvals -**

# VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

## Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

### Minum

á *sumarblómasölu kvenfélags Hvammshrepps á Sunnubraut 9 fimmtudaginn 31. maí kl. 17:00*

Vantar einn eða tvo unglinga í garðavinnu í einn dag eða part úr degi. Sæunn í síma 4871429

SMÁAUGLYSINGAR



Það hljóp heldur betur á snærið hjá bræðrunum Mikael Frey t.v. og Daniel Snæ Halldórsona er þeir komu í heimsókn í sveitina að skoða lömbin. Hér sjást þeir vera að gefa heimalingnum Grísaling, pelann sinn

Vitinn á [sudurland.net](http://sudurland.net)

### Myndir o.fl.


Nú er mig farið að langa í myndir, af nýfæddum börnum og brúðhjónamyndir eru alltaf sívinsælar, og að sjálfsgöðu þiggjum við alltaf velgerðar vísur. Þá dettur okkur í hug að vera með þegar pláss leyfir holl- eða heilráðabátt, þar sem lesendur sendi okkur ýmis holl og heilræði eða sendi spurningar um ýmis áhugaverð málefni.

Vinsaml. sendið á netfangið

[frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

Með von um góðar undirtektir.

Kveðja S.



Það hefur ekki verið mikið um að svona skrautleg lömb hafi fæðst hér á Skeiðflöt, en vissulega eru þau alltaf augnayndi.

## Reyniskirkja í Mýrdal

Guðsþjónusta verður í Reyniskirkju í Mýrdal á Þrenningarhátíð,  
sunnudaginn 3. júní 2007, kl. 14:00.  
Þessi sunnudagur er einnig Sjómannadagurinn.

Organisti er Kristín Björnsdóttir.

Almennur safnaðarsöngur.

Sóknarbörn Reyniskirkju, aðrir Mýrdælingar og gestir,  
hvött til að mæta.



Upplifum saman notalega stund í kirkjunni  
á helgum degi.

Haraldur M. Kristjánsson sóknarprestur



**Rauði kross Íslands**  
Víkurdeild

## Fatamóttaka

Laugardaginn 2. júní n.k. tökum við  
á móti fötum í húsnæði deildar-  
innar í slökkvistöðinni í Vík milli  
kl. 11:00 og 14:00



Stjórnin



## Eigendur bifreiða með ökumæli takið eftir!!

Föstudaginn 1. júní hefst álestrartímabil af ökumælum  
bíla og tengivagna yfir 10 tonn að heildarþunga, og stendur yfir til föstu-  
dagsins 15. júní. Lesið verður af mælunum í áhaldahúsinu í Vík alla virka  
daga á tímabilinu frá kl. 8:00 til 12:00 á hádegi. Í Skaftárhrepp verður lesið  
af mælum föstudaginn 8 júní.

Nánari upplýsingar veitir Vegagerðin í Vík í síma 522-1372

Vegagerðin

## Golfkennsla

Sunnudaginn 3. júní verður Karl Ómar Karlsson IPGA-kennari með  
golfnámskeið í Vík.

Boðið verður upp á eftirfarandi námskeið:



Barna og unglinganámskeið ( FRÍTT )

Byrjendanámskeið ( FRÍTT )

Námskeið með helstu reglum og siðum í golfinu ( FRÍTT )

Einkatímar 30 mín. ( Niðurgreitt fyrir meðlimi í GKV )

Nánari upplýsingar og skráning í síma 8611779 ( Þráinn )



### SUBARU

Þessi gamli Subaru sem er árg. 1981 og bar  
númerið Z 679 ber nú sitt fasta númer FP  
400. Hann var búinn að þjóna mér vel og  
dyggilega í 24 ár þegar ég lagði honum, (fór í  
honum kúpling) geta má þess að ekki var  
hreyft við bremsum í 20 ár. En nú hefur sá  
aldraði eignast nýjan eiganda sem búinn er að

veita honum verðuga meðhöndlun, og nú er  
hann orðinn löglegur fornbíll. Hann er eini  
Subaruinn af þessari gerð sem skráður er í  
forbílaklúbbinn og sagður annar bíllinn á  
Íslandi í dag sem er gangfær. Subaru var inn-  
fluttur af Ingvari Helgasyni, þetta voru fyrstu  
aldrifsfélksbílar á markaðnum, þeir voru  
alltaf á framdrifinu en afturdrifinu kúplað inn  
eftir þörfum. En hátt og lágt drif kom til  
sögunnar þegar ég hafði átt Subari árg. 1980  
í fjóra mánuði, og ég féll fyrir þeirri breyt-  
ingu. Umferðardeild Vegagerðarinnar keypti  
þann bíl af mér á fullu verði, þeim vantaði  
svo bíl í vegþjónustuna. Það er ungur  
maður í Reykjavík sem keypti gamla greyðið  
og er alsæll með hann. E.

# Ferðafélag Mýrdælinga.

Kvöldganga 31. maí 2007

## FOSSGIL

Farið verður á eigin bílum frá bankaplaninu í Vík kl. 19:40, mæting hjá íþróttavellinum við Pétursey kl. 20:00. Gengið verður inn eftir Fossgili.

Leiðsögumaður verður Ólafur H. Þorsteinsson.

Verð f. félagsmenn kr. 500 og kr. 700 f. aðra.

Ferðanefnd.



*Pau Sigurður og Linda fengu aðstöðu í Eyjarhólum fyrir starfseminu. Hér eru Grænlenku hundarnir í afslöppun eftir erill dagsins.*

## Fundargerð Mýrdalshrepps

424. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps, haldinn fimmtudaginn 24. maí 2007 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn sveitarstjórnar. Sveitarstjóri ritaði fundar-gerðina á tölvu. Oddviti, Þórhildur Jónsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

Oddviti leggur til að málefni slökkviliðs séu tekin á dagskrá sem liður III-8 og aðalfundarboð Rangárbakka undir lið III-9 og Háskólafélag Suðurlands sem liður III-10.

Samþykkt samhljóða.

Á fundinn er mættur Jón Gunnar Jónsson. Jón Gunnar afhendir Mýrdalshreppi til eignar glæsilega innbundin námskeiðsgögn frá átthagánámskeiðinu Mýrdalur - land og saga sem haldið var árið 2005. Sveitarstjóri þakkar rausnarlega gjöf Jóns Gunnars. Jón Gunnar yfirgefur fundinn.

Sveitarstjóri gerir grein fyrir verkefnum frá síðasta fundi.

### *I. Fundargerðir til staðfestingar.*

**1.** Fundargerð 141. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 11. maí 2007.

Á fundinum kom m.a. fram að tillaga að deiliskipulagi fyrir Smiðjuveg hefur verið auglýst og engar athugasemdir hafi borist og tillagan þar með samþykkt. Einnig voru samþykktir leiðbeinandi skipulagsskilmálar fyrir Mylluland og Hátún.

Fundargerðin samþykkt.

**2.** Fundargerð 140. fundar fræðslunefndar frá 22. maí 2007. Fundargerðin samþykkt.

**3.** Fundargerð 147. fundar rekstrarnefndar Hjallatúns frá 23. maí 2007.

Á fundinum var m.a. upplýst að heimilinu hafi borist að gjöf rafknúnar súrefnissúr sem koma í stað súrefniskúta. Gefendur eru afkomendur Margrétar Jónsdóttur og Tómasar Jónssonar, Lionsklúbburinn Suðri, RKÍ- Víkurdeild og kvenfélögin í Mýrdalshreppi. Gefendum eru færðar bestu þakkar.

Fundargerðin samþykkt.

### *II. Innsend erindi til afgreiðslu.*

**1.** Bréf hestamannafélagsins Sindra dags. 24. apríl 2007.

Félagið sækir um styrk kr. 500.000,- til að nota í starfsemi félagsins.

Þessi fjárhæð er mun hærri en áður hefur verið sótt um að hálfu félagsins og því ekki gert ráð fyrir henni í fjárhagsáætlun. Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk kr. 50.000,- í samræmi við fjárhagsáætlun.

**2.** Bréf SÁÁ ódagsett. Erindinu hafnað.

**3.** Bréf Andrésar Guðmundssonar v/ skólahreysti dags. maí 2007.

Erindinu hafnað.

**4.** Bréf Jónasar Erlendssonar og Ragnhildar Jónsdóttur dags. 15. maí 2007.

Bréfritarar óska svara við því hvers vegna ekki gildi sömu reglur um girðingar meðfram Hringvegi 1 austan og vestan Víkur.

Á árinu 2001 var gerður samningur milli Vegagerðarinnar og Mýrdalshrepps um girðingar og friðun á vegsvæði Hringveggar frá Jökulsá á Sólheimasandi að Vík. Núverandi sveitarstjórn getur ekki svarað fyrir hvers vegna samningurinn náði ekki til svæðisins austan Víkur en minnir á að bæði milli Víkur og Gatnabrúnar og vestan Péturseyjar liggur vegurinn um þá ógirt beitiland þar sem ágangur af búfé, bæði sauðfé og hrossum var verulegur. Ástandið var betra með veginum austan Víkur. Sveitarstjórn samþykkir að fara þess á leit við Vegagerðina að gildandi samningur frá 2001 verði tekinn til endurskoðunar þannig að hann gildi fyrir vegsvæði Hringveggar milli Jökulsár og Múlakvíslar. Jafnframt verði samningurinn lagfærður þannig að hann sé í betra samræmi við ný vegalög, lög um búfjárhald og samþykkt Mýrdalshrepps um búfjárhald.

### *III. Málefni til umfjöllunar / afgreiðslu.*

**1.** Samningur um tækniráðgjöf.

Fyrir liggur samningur um tækniráðgjöf varðandi myndkortagerð milli Mýrdals-hrepps og Verkfræðistofunnar Hnit.

Sveitarstjóra heimilað að skrifa undir samninginn f.h. Mýrdalshrepps.

**2.** Lóðaumsóknir.

Páll Tómasson sækir um lóð undir íbúðarhús að Sunnubraut 12.

Jóhann V. Hróbjartsson sækir um lóðir nr. 17-21 og 23-27 við Hátún fyrir íbúðir eldri borgara.

Úmsóknirnar samþykktar.

3. Viðbragðsáætlun vegna sorphirðu komi til heimsfaraldurs influensu.

Sveitarstjóra falið að gera drög að slíkri áætlun.

4. Afskriftir útsvars.

Sveitarstjórn samþykkir að afskrifa fyrnd-ar útsvarskröfur að tillögu sýslumanns skv. fyrirleggjandi gögnum.

5. Ályktun aðalfundar FOSS frá 8. maí 2007. Aðalfundur FOSS skorar á bæjar- og sveitarstjórnarmenn á Suðurlandi að koma meira að kjarasamningagerð við félagið í stað þess að fela Launanefnd sveitarfélaga fullnaðarumboð.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps telur hagsmunum sveitarfélagsins best borgið með fullri þátttöku í samstarfi sveitarfélaga í kjaramálum.

6. Vottunarstofan Tún.

Stjórn Vottunarstofunnar hefur samþykkt að hækka hlutfé félagsins og býður Mýrdalshreppi að auka við hlut sinn í félaginu. Sveitarstjórn hafnar boði stjórnarinnar.

7. Nefndarskipan.

Þórhildur Jónsdóttir og Guðmundur Pétur Guðgeirsson eru skipuð í atvinnu-málanefnd í stað Steinars Orra Sigurðssonar og Fríðu Hammer sem hafa flutt úr sveitarfélaginu. Þórhildur er skipuð formaður nefndarinnar. Steinari Orra og Fríðu eru þökkuð störf sín í þágu sveitarfélagsins.

8. Slökkviliðið.

Fyrir liggur að Sjóvá-Almennar trygging-ar hf. mun styrkja slökkviliðið í Vík með 1 millj. kr. fjárframlagi á næstu fjórum árum til kaupa á bíl sem slökkviliðið hyggst nota til að flytja fyrstu menn á vettvang og til klippuútkalla.

Sveitarstjórn þakkar Sjóvá stuðninginn og heimilar slökkviliðinu til að nota upphæðina á árinu 2007 til kaupa á bíl og búnaði.

9. Rangárbakkar.

Aðalfundur Rangárbakka, hestamiðstöðv-ar

Suðurlands ehf fyrir árin 2005-2006 verður haldinn fimmtudaginn 31. maí 2007.

Lagt fram til kynningar.

10. Háskólafélag Suðurlands.

Sveitarstjórn heimilar oddvita að undir-rita viljayfirlýsingu, án fjárhagslegra skuldbindin-ga, um að Mýrdalshreppur starfi með Háskólafélaginu að markmiðum þess.

IV. Efní lagt fram til kynningar:

1. Ný askulýðslög - bréf menntamála-ráðuneytis dags. 16. maí 2007.

2. Fundargerð 94. fundar stjórnar Skóla-skrifstofu frá 25. apríl 2007.

3. Fundargerð 266. fundar stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands frá 27. apríl 2007.

4. Fundargerð 403. fundar stjórnar SASS frá 2. maí 2007.

5. Fundargerð 99. fundar heilbrigðis-nefndar Suðurlands frá 15. maí 2007.

6. Tölvubréf Microsoft á Íslandi frá 14. maí 2007.

7. Bréf Landverndar dags. 7. maí 2007.

8. Bréf Rangárþings ytra dags. 3. maí 2007.

9. Tölvubréf Póst- og Fjarskiptastofnunar dags. 9. maí 2007.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:55

Þórhildur Jónsdóttir oddviti, Björgvin Jóhannesson varaoddviti, Elín Einarsdóttir, Sveinn Pálsson sveitarstjóri, Karl Pálmason.

VISA VIKUNNAR

Blómin prýða bala' og hól björk og víðir gróa. Geislum fríðum sumarsól signir hlíð og móa.

Höfundur: Hallur Jóhannesson kennari á Dalvík f.1902 - d.1970



Linda Lorange og Sigurður Baldvinsson í Vík hafa sett á stofn hundasleðaafyrirtæki, en það eru grænlenkir hundar sem draga eiga sleða með farþegum á. Starfsemin hefst 1. júní á Mýrdalsjökli, að sögn hlakka þau mikið til að takast á við þetta nýja ævintýri. Þau verða með 2 danska starfsmenn í vinnu í sumar og Sigurður og Linda að sjálfsögðu líka. Þau verða á jöklinum meðan aðstæður leyfa, og nú er bara að vona það besta að veðurguðirnir verði þeim hliðhollir. Á myndinni sést þar sem verið er að hjálfa hundana dragandi léttan vagn fyrir ferðina á jökulinn.

Vitinn óskar þeim Sigurði og Lindu alls velfarnaðar í þessu nýja verkefni.

## Reiðskóli Kóps

**Þarftu að laga hestinn þinn í beisli? Er hann ofreistur? Ætlar þú að keppa í sumar og þá kannski á Unglingalandsmótinu á Höfn um verslunarmanna-helgina.**

Vantar þig leiðsögn? Viltu ríða út í félagsskap?

Eða langar þig að prófa eitthvað nýtt?

Því ekki að skrá sig í reiðskóla. Hestamennska er holl og skemmtileg útivera.

Reiðskóli verður haldinn á vegum Hestamannafélagsins Kóps. Reiðkennari verður Kristín Lárusdóttir.

Hefst hann 11. júní. Boðið verður upp á kennslu fyrir alla aldurshópa.

Reiðskólinn er líka fyrir fullorðina. Vana sem óvana.

Verð: Fyrir krakka sem eru félagsmenn í Kóp: 5000.-. Aðrir 10.000.-. Systkinnaafsláttur. Þeir sem ekki geta útvegað sér hest sjálfir borga 2000.- aukalega.

Hópar geta haft samband við reiðkennara ef þeir eru með einhverjar sér óskir um stað, stund eða verkefni.

Nánari upplýsingar og skráning í Reiðskólann er hjá Kristínu

í síma 487-4725, 898-0825 eða á [fljotar@simnet.is](mailto:fljotar@simnet.is).

Í lok Reiðskólans verður haldinn Firmakeppni fyrir börn og unglinga.

Nánar auglýst síðar.

**Sjáumst í Reiðskólanum**

**Hestamannafélagið Kópur**